

From: [Lína Björg Tryggvadóttir](#)
To: [Aldís Hafsteinsdóttir](#); [Jón Bjarnason](#); [Haraldur Þór Jónsson](#); [Sylvía Karen Heimisdóttir](#); [Ásta Stefánsdóttir](#); [Oddviti Bláskógabyggðar](#); [Fjóla Steindóra Kristinsdóttir](#); [Ása Valdís Árnadóttir](#)
Subject: Kynning á inngildingarverkefni – Gefum íslensku séns í Uppsveitum
Date: mánudagur, 12. maí 2025 14:54:51

Komið þið sæl,

Í kjölfar Fjölmennningarhátíðarinnar sem haldin var þann 3. nóvember sl. og þeirrar vinnu sem átt hefur sér stað síðastliðið ár á sviði móttöku og inngildingar, vil ég með þessum pósti kynna það sem ég tel næsta eðlilega skref í þeirri vegferð.

Ég hef átt samtöl við forsvarsmenn verkefnisins *Gefum íslensku séns*, sem er verkefni sem hefur verið starfrækt á Ísafirði frá árinu 2007. Nýlega hófst innleiðing verkefnisins í Árborg í samstarfi við Bókasafn Árborgar, Fræðslunet Suðurlands og Háskólafélag Suðurlands og hef ég óskað eftir samstarfi við Árborg til að innleiða verkefnið hér í Uppsveitum.

Markmið verkefnisins er að efla íslenskukunnáttu fólks af erlendum uppruna með þátttöku atvinnulífsins og samfélagsins. Lögð er áhersla á að byggja upp tengsl við vinnustaði þar sem starfsfólk af erlendum uppruna getur lært og æft íslensku í tengslum við daglegt líf.

Sem byggðapróunarfulltrúi sé ég fyrir mér að verkefnið felist í byrjun á því að heimsækja vinnustaði, kynna verkefnið og hvetja fyrirtæki og stofnanir til þátttöku, meðal annars með því að stuðla að meðvitaðri notkun íslensku í samskiptum við starfsfólk með erlendan bakgrunn. Ég myndi svo vilja halda sérstakt „*hraðstefnumót við íslenskuna*“ í haust, þar sem fólk getur æft sig í íslensku í örstuttum, léttum samtölum við íslenskumælandi þátttakendur. Slík stefnumót hafa þegar verið haldin með góðum árangri annars staðar en þann 5. júní verður viðburður haldinn á Selfossi og mun ég taka þátt í því ferli.

Hér í Uppsveitunum vil ég nýta þetta tækifæri til að próa verkefnið enn frekar og aðlagga það að okkar aðstæðum. Í því samhengi tel ég mikilvægt að eiga samtal við forstöðumenn leikskóla, íþróttamiðstöðva, bókasafna og annarra stofnana til að fá þau með í þetta mikilvæga verkefni.

Ég tel þetta verkefni vera eðlilegt og mikilvægt framhald af því fjölmenningarstarfi og inngildingarvinnu sem sveitarfélögin í Uppsveitum hafa þegar hafið. Það felur í sér raunhæft og markvisst framlag til að efla íslenskukunnáttu, sem er lykill að virkri samfélagsþátttöku.

Ég stefni að því að sækja um fjármagn til verkefnisins í Uppbyggingarsjóð Suðurlands í haust og mögulega mun ég sameinast öðrum samstarfsaðilum í Árborg um umsókn.

Ég mun halda ykkur upplýstum um framvindu mála og hlakka til að heyra ykkar álit og viðbrögð við þessari hugmynd.

Þið getið fundið nánari upplýsingar um verkefnið hér:

Ísafjörður - <https://gefumislenskusens.is/>

Árborg - <https://hfsu.is/gefum-islensku-sens-fer-af-stad-i-arborg/>

Með kveðju

Lína Björg Tryggvadóttir

Byggðaðróunarfulltrúi

Uppsveitum Árnessýslu



BLÁSKÓGABYGGÐ



GRÍMSNES OG
GRAFNINGSHREPPUR



HRUNAMANNA-
HREPPUR



SKEIÐA OG
GNÚPVERJAHREPPUR